

Ed.

359. Frumvarp til laga

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Skip, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, skulu vera undanþegin ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýri-
manna og vélstjóra.

Ráðherra skal heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum þessum.

Dráttarbátar, sem aðallega eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en eru ekki knúnar áfram með vélarafli, skulu og vera undanþegar ákvæðum laga þessara um fjölda skipstjórnarmanna.

Ráðherra skal og heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á fleytum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar h/f Skallagríms, Borgarnesi, en það rekur, svo sem kunnugt er, m/s Akraborg til fólks- og vöruflutninga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Á síðastliðnu ári var siglingu skipsins breytt þannig, að það fer nú nær eingöngu á milli Reykjavíkur og Akraness, og er samanlagður siglingatími skipsins daglega 7 klst., miðað við þrjár ferðir, en 9 klst. og 15 mín., séu fjórar ferðir farnar. Að öðru leyti liggur skipið í Reykjavíkurhöfn.

Þegar það er athugað, að m/s Akraborg siglir nær eingöngu að degi til og burtvera úr Reykjavíkurhöfn er í einu 2 klst. og 15 mín. til 2 klst. og 30 mín., má ljóst vera, að venjuleg vaktaskipti eru eigi framkvæmanleg, þótt öll skipshöfnin sé um borð, en án verkefnis nema sá hluti hennar, sem annast siglinguna í hvert sinn. Fjórtán manna skipshöfn og fjórir afleysingamenn eru þess vegna í engu samræmi við afkastapörfina og þar með rekstrinum algerlega ofviða fjárhagslega.